



Gjörgæsluhjúkrun

# MS-nám við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands

**Umsjón:** Rannveig J. Jónasdóttir

Gjörgæsluhjúkrun hefur verið kennd á Íslandi sem viðbótar- eða diplómanám í þrjátíu ár. Námið hefur ekki staðið reglulega til boða heldur hefur það ráðist af eftirspurn starfandi hjúkrunarfræðinga á gjörgæsludeildum landsins sem eru fjórar talsins; gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi, gjörgæsludeild Landspítala Hringbraut, gjörgæsludeild Sjúkrahússins á Akureyri og nýburagjörgæsludeild Landspítala.

Ókostir við nám sem haldið er stöku sinnum er að skipulag og innihald námsins getur verið ólíkt á hverjum tíma og mikil undirbúningvinna námsins fer í sùginn. Í kjölfar skipulagningar diplómanáms, í gjörgæsluhjúkrun við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands veturinn 2016-2017, ákvað námsnefnd gjörgæslunámsins að kominn væri tími á framhaldsnám í gjörgæsluhjúkrun sem væri reglulega í boði. Jafnframt var ákveðið að framhaldsnám í gjörgæsluhjúkrun snéri að nýburum, börnum og fullorðnum sem hafði gefist vel í diplómanáminu veturinn 2016-2017. Námsnefndin hóf þá að skipuleggja MS-nám við Hjúkrunar- og

Ljósmóðurfræðideild HÍ með það að markmiði að hjúkrunarfræðingar hefðu tækifæri á að nýta tíma sinn í framhaldsnáminu sem best og um leið að dýpka innihald framhaldsnáms í gjörgæsluhjúkrun.

## Er hægt að greiða hjúkrunarfræðingum laun fyrir að vera í meistaranámi í gjörgæsluhjúkrun?

Snemma í þróun MS-náms í gjörgæsluhjúkrun ákvað námsnefndin að athuga möguleika á klínisku starfsnámi í gjörgæsluhjúkrun á gjörgæsludeildum Landspítala samhliða bóklegum fögum. Þannig væri hjúkrunarfræðingum greidd laun fyrir að vera í MS-

## Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um MS-nám í gjörgæsluhjúkrun við HÍ og klínískt starfsnám í gjörgæsluhjúkrun veita Hulda Long, verkefnastjóri framhaldsnáms við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ ([huldalong@hi.is](mailto:huldalong@hi.is)), og Rannveig J. Jónasdóttir, lektor og sérfræðingur í hjúkrun gjörgæslusjúklinga, gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi og formaður námsnefndar MS-náms í gjörgæsluhjúkrun ([rannveigj@hi.is](mailto:rannveigj@hi.is)).

námi í gjörgæsluhjúkrun. Námið gæti þar með orðið hvetjandi og þetta myndi auðvelda hjúkrunarfræðingum að ljúka náminu á fjórum samliggjandi önnum. Í samstarfi við framkvæmdastjóra gjörgæslu-, kvenna- og barnasviða Landspítala var gerður samningur um 30% námsleyfi og 40% klínískt starf, alls 70% stöðu hjúkrunarfræðinga í klínísku starfsnámi. Haustið 2021 bættist Sjúkrahús Akureyrar í hópinn og 2021-2023 er sams konar samningur og á Landspítala fyrir tvo hjúkrunarfræðinga í MS-námi í gjörgæsluhjúkrun við HÍ. Ein gjörgæsludeildanna er heimadeild hjúkrunarfræðings og flestar stundir eru teknar þar í klínísku starfsnámi, auk 200 klukkustunda að lágmarki, á tveimur öðrum gjörgæsludeildum á námstímanum. Hjúkrunarfræðingar hafa þar með laun sem jafngilda 70% starfshlutfalli í klínísku starfsnámi.

### Skipulag MS-náms í gjörgæsluhjúkrun

Tekið var inn í klíníska starfsnámið haustið 2019 og 2021 og næst verður tekið inn í starfsnámið haustið 2023. Forsendur samnings Landspítala og hjúkrunarfræðinga í klínísku starfsnámi eru að hjúkrunarfræðingur þarf að vera fastráðinn á eina af gjörgæsludeildum Landspítala, vera skráður í fullt MS-nám í gjörgæsluhjúkrun við HÍ og ljúka því á fjórum samliggjandi önnum. Ekki er gerð krafa til hjúkrunarfræðinga um starfsreynslu eða að eiga inni námsleyfi til að komast í klínískt starfsnám eða MS-námið. Það eru sérfræðingar í hjúkrun gjörgæslusjúklinga sem leiða klíníska starfsnámið á gjörgæsludeildum Landspítala.

Þátttaka í klínísku starfsnámi er ekki skilyrði fyrir inntöku í MS-nám í gjörgæsluhjúkrun. Hægt er að sækja um MS-nám í gjörgæsluhjúkrun tvisvar á ári en umsóknarfrestur til að hefja nám á haustönn er til 15. apríl, fresturinn til að hefja nám á vorönn er 15. október. Hafi hjúkrunarfræðingur hug á klínísku starfsnámi þá er einungis hægt að hefja nám í MS-gjörgæsluhjúkrun við HÍ á haustönn á oddatölu árs. Ef hjúkrunarfræðingur fer ekki í klínískt starfsnám þá eru 30 ECTS-einingar metnar úr BS-námi í stað 30 ECTS-eininga sem klíníska starfsnámið gefur. Hjúkrunarfræðingar hafa nýtt sér þá leið að fara hægar gegnum námið en á fjórum samliggjandi önnum og hafa þá ekki verið í klínísku starfsnámi. Þessi sveigjanleiki í framhaldsnámi í gjörgæsluhjúkrun er mikilvægur og gefur fleiri hjúkrunarfræðingum kost á að fara í námið.

### Innihald MS-náms í gjörgæsluhjúkrun

Innihald námsins samanstendur af sérhæfðum námskeiðum um gjörgæslu og kjarnanámskeiðum MS-náms í hjúkrunarfræði við HÍ. Verkefni sem hjúkrunarfræðingar vinna í kjarnanámskeiðum snúa að meðferð og hjúkrun gjörgæslusjúklinga og fjölskyldna þeirra sem og lokaverkefni. Áhersla er á að hjúkrunarfræðingar finni sér ákveðið svið í upphafi námsins og dýpki þekkingu sína á því sviði. Í töflu 1 eru tilgreind námskeið MS-náms í gjörgæsluhjúkrun.

### Er hægt að ljúka MS-námi í gjörgæsluhjúkrun á fjórum önnum?

Já, það er hægt. Hjúkrunarfræðingar sem kusu að fara í klínískt starfsnám haustið 2019 luku MS-gráðu í gjörgæsluhjúkrun vorið 2021. Það sama á við um hóp hjúkrunarfræðinga sem fóru í klínískt starfsnám haustið 2021 og ljúka MS-náminu vorið 2023. Jafnframt hafa hjúkrunarfræðingar sem ekki hafa tekið klínískt starfsnám í gjörgæsluhjúkrun lokið sínu MS-námi í gjörgæsluhjúkrun. Ákveðin stemning skapast oft þegar hópur fylgist að í gegnum námstímann og það getur verið styrkur fyrir hjúkrunarfræðinga í hópnum. Hópurinn heldur damp í námi sem að sjálfsögðu er krefjandi en áhugahvetjandi og mjög tengt klínískri vinnu.

Tafla 1. MS-nám í gjörgæsluhjúkrun við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands 2023-2025 (120 ECTS).

Tími	Kjarni 66 ECTS	Sérhæfð námskeið 24 ECTS	ECTS
<b>Haust 2023</b>	HJÚ143F Þekkingarþróun (6 ECTS) HJÚ135F Hagnýt tölfræði (6 ECTS)	HJÚ160F Gjörgæsluhjúkrun I (8 ECTS)	20
<b>Vor 2024</b>	HJÚ252F Megindleg aðferðafræði (6 ECTS) HJÚ253F Eigindleg aðferðafræði (6 ECTS) HJÚ0AQF Klínísk lífeðlis- og meinafræði (6 ECTS)	HJÚ0APF Grunnmeðferð bráðveikra barna (2 ECTS)	20
<b>Haust 2024</b>	HJÚ144F Hjúkrun á sérsviði I (6 ECTS)	HJÚ343F Gjörgæsluhjúkrun II (10 ECTS) HJÚ151F Lyfjafræði svæfingalyfja (4 ECTS)	20
<b>Vor 2025</b>	HHJÚ441L Lokaverkefni (30 ECTS)		30
<b>Haust 2023 - vor 2025</b>	Klínískt starfsnám í gjörgæsluhjúkrun. Metnar eru 30 ECTS úr BS-námi eða 30 ECTS klínískt starfsnám í gjörgæsluhjúkrun		30